



## Launavísitalan hækkaði mikið í apríl – hagvaxtaraukinn skilar sínu

*Launavísitalan hækkaði um 1,6% milli mars og apríl samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 8,5% sem er mun hærri árstaktur en verið hefur síðustu mánuði.*

Hækkun vísitölunnar milli mánaða í apríl var óvenjumikil og er meginskýringin launahækkun vegna hagvaxtarauka. Árshækkunartaktur launa hefur verið vel rúmlega 7% síðustu mánuði en fór nú upp í 8,5%.

### **Kaupmáttur tók stökk upp á við – en lægri nú en í upphafi árs**


Verðbólga í apríl 2022 mældist 7,2% sem er mesta verðbólga sem hefur mælst síðan í maí 2010. Árshækkun launavísitölunnar var hins vegar 8,5% þannig að kaupmáttur launa jókst um 1,2% milli aprilmánaða 2021 og 2022, þrátt fyrir óvenju mikla verðbólgu. Kaupmáttur í apríl var engu að síður 1,2% lægri en hann var í janúar 2022, en þá var kaupmáttur sá mesti í sögunni þannig að mikil verðbólga síðustu mánaða hefur minnkað kaupmátt töluvert. Í nýútgefinni [þjóðhags- og verðbólguþá Hagfræðideildar](#) er gert ráð fyrir að kaupmáttur aukist aðeins um 0,1% milli ára að jafnaði í ár, fyrst og fremst vegna verulega aukinnar verðbólgu.

### **Þróun jafnast milli markaða**

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum milli febrúarmánaða 2021 og 2022 sést að laun hafa hækkað með svipuðum hætti á öllum mörkuðum. Launin hækkuðu um 7,1% á almenna markaðnum á þessum tíma og um 7,2% á þeim opinbera, þar af 7,3% hjá ríkinu og 7,1% hjá sveitarfélögum.

Launabreytingar hafa því jafnast á milli markaða, en óvenju mikið bil myndaðist á milli launabreytingar á opinbera og almenna markaðnum í upphafi ársins 2021 og er það enn fyrir hendi þó munurinn fari minnkandi. Miðað við útgangspunkt í upphafi ársins


**12 mánaða hækkunartaktur launa**



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans


**Launabreyting og kaupmáttur**

Vísitala, janúar 2012 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

**Launahækkun einstakra hópa febrúar 2021 - febrúar 2022**



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



2015 hefur hækkun launa verið meiri á opinbera markaðnum en á þeim almenna.

### Nokkuð jöfn þróun meðal starfstétta

Tvær starfsstéttir skera sig nokkuð úr ef litið er til launabreytinga milli febrúarmánaða 2021 og 2022. Laun verkafólks hafa hækkað mest, um 9,2%, og laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks næst mest, um 8%. Laun annarra starfsstétta hafa hækkað í kringum 6%. Segja má að þessar breytingar séu í takt við markmið gildandi kjarasamninga þar sem krónutöluhækkanir á lægri launum gefa meiri prósentubreytingar en á þeim hærri. Á þessu tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 6,2% þannig að kaupmáttur hafði annaðhvort lækkað eilítið eða staðið í stað meðal sumra hópanna.

### Mismunandi þróun launa innan atvinnugreina

Milli febrúarmánaða 2021 og 2022 hækkuðu laun áberandi mest í veitinga- og gististarfsemi, eða um 11,6%, og næst mesta hækkunin var í byggingum og mannvirkjagerð og verslun og viðgerðum, 7,5%.


Launastig í veitinga- og gististarfsemi er tiltölulega lágt og því valda krónutöluhækkanir meiri prósentubreytingum þar. Fréttir hafa einnig borist af erfiðleikum við að manna störf í greininni þegar eftirspurn eykst tiltölulega skyndilega. Ekki er ólíklegt að eitthvert launaskrið hafi orðið vegna þess. [Laus störf eru hlutfallslega flest í byggingariðnaði](#) og gæti það því einnig skýrt meiri hækkanir á launum þar en annars staðar.

Á hinum enda atvinnugreina er fjármála- og váttryggingarstarfsemi með 5% hækkun. Allar þessar greinar nema fjármála- og váttryggingarstarfsemi og flutningar og geymsla hafa því búið við kaupmáttaraukningu á þessu tímabili. Á þessum tölum má glöggt sjá áhrif krónutöluhækkana á launaþróun. Í greinum þar sem laun eru almennt lág hækka þau hlutfallslega mikið og minna í greinum þar sem laun eru hærri.


### Óviðbúið stökk í launavísitölu

Hagvaxtaraukinn sem að hluta til var greiddur út í apríl olli stökki í launavísitölu sem ekki var séð fyrirfram fyrir nokkrum mánuðum.


### Launaþróun á tveimur mörkuðum



### Launahækkun starfsstétta febrúar 2021 - febrúar 2022



### Launahækkun í atvinnugreinum - febrúar 2021 - febrúar 2022





Að öðru leyti er líklegt að mikil verðbólga muni stuðla að áframhaldandi lækkun kaupmáttar einstakra hópa á næstu mánuðum. Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir því launavísitalan muni hækka um 7,5% að jafnaði milli ára í ár en að verðbólga verði hins vegar mikil, eða 7,4%. Vöxtur kaupmáttar verður því lítill sem enginn og munu eflaust einhverjir hópar finna fyrir rýrnun kaupmáttar.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.